

Nýja Ísland - listin að týna sjálfum sér

Bókarhöfundur: Guðmundur Magnússon

Bókarheiti: Nýja Ísland – listin að týna sjálfum sér

Gagnrýnandi: Arnar Þór Músson, stjórn málafræðingur

Útgáfa: JPV útgáfa, Reykjavík 2008, 208 bls.

Í umsögn gagnrýnanda kemur meðal annars eftirfarandi fram: *"Bók Guðmundar er skemmtileg. Hún er ágætt innlegg í mun dýpri umræðu sem þarf að fara fram um þróun íslensks samfélags á undanförunum árum og í framtíðinni, sérstaklega í ljósi þess áfalls sem riðið hefur yfir þjóðina síðan bókin kom út... Þrátt fyrir að það sé hárrétt hjá Guðmundi að margt hafi misfarist á nýja Íslandi og græðgi, sérgæska og fyrirhyggjuleysi geti, eins og komið hefur á daginn, steipt þjóðinni í mikil vandræði stenst umfjöllunin um hin mikla mun milli gamla og nýja Íslands ekki nánari skoðun. Hann dregur upp of jákvæða mynd af því gamla og neikvæða af því nýja. ...Hann dregur fram mörg dæmi um óhóflega eyðslu auðmanna og hvernig þeir féllu kylliflatir í gryfju broslegs hégóma. ...Þessi hluti bókarinnar er athyglisverður og skemmtilegur og gerir hana fyllilega þess virði að lesa hana."*

FJARLÆGÐIN GERIR FJÖLLIN BLÁ

Bók Guðmundar Magnússonar sagnfræðings, Nýja Ísland, fjallar ekki um það Ísland sem til stendur að reisa úr rústum bankhruns og kreppu heldur annað nýja Ísland, Ísland svona 2007.

Í byrjun bókarinnar dregur Guðmundur upp mynd af því sem við getum kallað gamla Ísland, tímabilið uppúr miðri 20. öld og framundir lok 9. áratugarins. Guðmundur sem fæddur er 1956 lýsir gamla Íslandi sem samfélagi jöfnuðar, nánast án stéttarmunar. Þar hafi ríkt jafnræði í lífskjörum og andi fjöðurlandsástar sveif yfir vötnum. Stjórn málaflókkar voru sammála um grunnildi samfélagsins þannig að deilur þeirra í millum snerust væntanlega helst um leiðir að settu marki. Það fer ekki framhjá lesandanum að í huga Guðmundar var gamla Ísland einstaklega vingjarnlegt og gott samfélag. Hann eyðir ekki miklum tíma í að lýsa því sem slíku en ténir til einstök dæmi og leiðir gildin af sögulegum arfi þjóðarinnar, fátækrar þjóðar sem á undraskömmum tíma braust frá örbirgð til auðs á 20. öldinni. Við lestur þessa hluta bókarinnar koma upp í hugann líkindi milli röksemdafærslu Guðmundar um gæði gamla Íslands og gullaldarhugmynda Jóns Aðils um yfirburði Íslendinga í bókinni Íslenzkt þjóðerni sem mótaði að einhverju leyti söguskoðun Íslendinga á 20. öld. Umfjöllunin verður að vísu aldrei eins yfirgengileg hjá Guðmundi og Jóni en hún er einfölduð, hlaðin fortíðarþrá og þjónar fyrst og fremst þeim tilgangi að draga fram galla nýja Íslands sem lýst er síðar í bókinni.

Stór hluti bókarinnar snýst einmitt um að lýsa nýja Íslandi þar sem horfið er frá grunnildum gamla jafnaðarsamfélagsins sem fyrr er lýst. Nýja Ísland samkvæmt Guðmundi er land firringar, stéttarmunar og samfélagslegs rofs á milli gráðugrar einstaklingsmiðaðrar auðstéttar og almennings sem spilar með. Auðstéttin hugsar eingöngu um eigin hag en er sama um þjóðarhag og er í engu lík auðjörllum gamla Íslands sem tömdu sér hófsemi í flestu. Hann dregur fram mörg dæmi um óhóflega eyðslu auðmanna og hvernig þeir féllu kylliflatir í gryfju broslegs hégóma. Þarna er haldið til haga útrásarpartíunum, yfirgengilegum afmælisveislum, þotum og þylum sem einungis virðast hafa þjónað hégómleika þeirra sem eyddu um efni fram með ódýru lánsfé. Þessi hluti bókarinnar er athyglisverður og skemmtilegur og gerir hana fyllilega þess virði að lesa hana.

Umfjöllun Guðmundar í 6. kafla, þar sem hann talar um breytt valdajafnvægi milli stjórn málamanna og þeirra ríku, er einnig um margt áhugaverð. Hann tekur þó ekki afgerandi afstöðu til ókosta þess að stjórn málamenn hafi fyrr á árum haft flesta þræði samfélagsins í hendi sér en setur þess í stað fram áleitnar og krefjandi spurningar um hversu langt viðskiptalífið fór inn á þá braut á nýja Íslandi.

Að mínu mati er helsti ágalli annars tímabærrar bókar sá að aðalröksemd höfundar um að allt hafi verið svo gott á gamla Íslandi en slæmt á því nýja gengur ekki fyllilega upp og skautað er létt yfir ýmsa þætti. Þrátt fyrir að það sé hárrétt hjá Guðmundi að margt hafi misfarist á nýja Íslandi og græðgi, sérgæska og fyrirhyggjuleysi geti, eins og komið hefur á daginn, steipt þjóðinni í mikil vandræði stenst umfjöllunin um hin mikla mun milli gamla og nýja Íslands ekki nánari skoðun. Hann dregur upp of jákvæða mynd af því gamla og neikvæða af því nýja.

Til dæmis er ekki minnst á að í gamla jafnræðisþjóðfélaginu nutu konur ekki jafnréttis á við karla í launum og við stjórn lands og viðskiptalífs. Þótt jafnræði hafi enn ekki náðst á þeim sviðum eiga konur

mun meiri möguleika á nýja Íslandi en því gamla. Einnig var gamla Ísland á margan hátt lokaðra og meinsemdir eins og heimilisofbeldi og fátækt mátti vart nefna. Bætt aðgengi að upplýsingum og breytt viðhorf hafa leitt til þess að nú er slíkt rætt opinskátt.

Haftastefna fyrri ára leiddi jafnframt til þess að stjórnámamenn voru mjög fyrirferðarmiklir og beittu sér ekki alltaf í þágu jafnfræðis frekar en auðmenn nýja Íslands. Í stað þess að auðkýfingar styrktu ýmis málefni á nýja Íslandi, eins og Guðmundur bendir á, veittu stjórnámamenn fé annarra til þessara sömu málefna, oft til þess að koma sjálfum sér í sviðsljósið.

Bók Guðmundar er skemmtileg. Hún er ágætt innlegg í mun dýpri umræðu sem þarf að fara fram um þróun íslensks samfélags á undanförunum árum og í framtíðinni, sérstaklega í ljósi þess áfalls sem riðið hefur yfir þjóðina síðan bókin kom út.